

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
b.t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavíkflugvelli, 21. apríl 2017

Efni: Fjármálaáætlun 2018 til 2022 og skattahækkunir á ferðaþjónustuna

Icelandair Group hf þakkar nefndinni fyrir tækifæri til að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2018 til 2022 eru boðaðar verulegar breytingar á rekstrarumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi. Einkum ber að nefna miklar skattahækkunir á nær allar greinar ferðaþjónustunnar sem hafa verið í neðra þrepi af tveimur þrepum virðisaukaskattkerfisins.

Á sama tíma og Icelandair Group fagnar lækkun á efra þrepi virðisaukaskattkerfisins mótmælir það fyrirhuguðum skattahækkunum harðlega og lýsir yfir vonbrigðum með aðdraganda þeirra. Félagið telur skattahækkunirnar geta haft veruleg neikvæð áhrif á rekstur þess og vaxtamöguleika, sem og á önnur ferðaþjónustufyrirtæki. Jafnframt lýsir félagið furðu á því hve illa málið virðist vera undirbúið að teknu tilliti til þess að nær engar upplýsingar liggja fyrir um áhrif þeirra á atvinnugreinina, sem er þó ein af undirstöðum íslensks efnahagslífs og einn helsti drifkraftur lífsgæðabata íslensku þjóðarinnar á undanförunum árum.

Icelandair Group telur röksemdafærslu sem fylgir áformunum vera ósannfærandi og þykir hún bera þess merki að ákvörðunin sé tekin að illa athuguðu máli.

Vegið að samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar

Ferðaþjónustan er útflutningsgrein sem er í beinni, alþjóðlegri samkeppni. Slíkar atvinnugreinar eru almennt ekki skattlagðar umfram það sem brýna nauðsyn ber til, vegna þess að skattheimta dregur gjarnan úr samkeppnishæfni þeirra. Það vekur undrun að eitt af fyrstu verkum nýrrar ríkisstjórnar sé að boða stefnubreytingu og hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustu á Íslandi þannig að hann verði með því hæsta sem þekkist í heiminum.

Það liggur í augum uppi að fyrirhugaðar skattahækkunir muni draga úr samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu, en ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni eru sérstaklega berskjölduð fyrir þeim. Þegar fólk ferðast á milli landa hefur það eðli máls samkvæmt mun fleiri og fjölbreyttari valkosti heldur en almennt gildir á innanlandsmörkuðum. Það má því leiða líkur að því að skattahækkunir á ferðaþjónustufyrirtæki hafi mun meiri áhrif á eftirspurn en

skattahækkunar á aðrar atvinnugreinar, enda er viðskiptavinum ferðaþjónustunnar uppálagt að leita annað.

Icelandair Group getur ekki fallist á að sjónarmið um meinta einföldun eða aukna skilvirkni í virðisaukaskattkerfinuskuli vegna þyngra en samkeppnishæfni einnar mikilvægustu en jafnframt viðkvæmstu atvinnugreinar þjóðarinnar. Hafa ber í huga að Ísland er nú þegar einn dýrasti áfangastaður fyrir ferðamenn í heiminum. Ekki liggur fyrir hve mikið verð getur hækkað áður en verulegur samdráttur verður í eftirspurn meðal ferðamanna, en svo virðist sem engin raunhæf athugun eða greining hafi verið gerð vegna hinna fyrirhuguðu skattahækkana.

Icelandair Group vill í þessu sambandi benda á hið augljósa, að ferðamaður sem ekki kemur til Íslands skilur ekki eftir sig verðmæti á Íslandi, skapar ekki störf á Íslandi og greiðir ekki skatta á Íslandi.

Ísland myndi skera sig úr í skattheimtu

Til samanburðar skal nefnt að virðisaukaskattur á gistingu í Noregi er almennt 8%, í Svíþjóð er hann 12% og í Finnlandi 10%. Í þessum löndum er einnig að finna ósnortna náttúru, norðurljósaferðir, auk annars sem gerir þau samanburðarhæf við Ísland fyrir ferðamenn. Gisting í þessum löndum er ekki í efra (eða hæsta) þrepi virðisaukaskatts vegna áhrifa á samkeppnishæfni greinarinnar. Í flestum löndum Evrópu, s.s. Þýskalandi, Ítalíu og Frakklandi er virðisaukaskattur á gistingu um eða undir 10%, nema í löndum þar sem verðlag er almennt mun lægra, t.a.m. í Ungverjalandi, Slóvakíu og Rúmeníu, en þar er virðisaukaskattur á gistingu um eða yfir 20%.

Hæstur er virðisaukaskattur á gistingu í Danmörku, eða 25%. Danir eru þar með bæði með tiltölulega hátt verðlag og háan virðisaukaskatt á gistingu og eru fyrir vikið ósamkeppnishæfir í greininni. Þar hefur enda ríkt stöðnun í greininni svo árum skiptir í samanburði við önnur lönd. Vakin skal athygli á því að Danir hafa nýlega gripið til þess ráðs að undanþiggja alla gistingu fyrir viðskiptaferðalanga frá greiðslu virðisaukaskatts, einmitt til þess að bæta samkeppnishæfni ferðaþjónustu þar í landi.

Ef boðaðar skattahækkunar ganga eftir myndi Ísland þar með endurtaka mistök Dana þegar þeir hækkuðu virðisaukaskatt á gistingu á 10. áratug síðustu aldar. Ísland myndi þá einnig skera sig úr í skattlagningu á ferðaþjónustuna í samanburði við samkeppnislönd sín, en aukin skattheimta myndi þá bætast við eitt hæsta verðlag heims. Það skyldi því engan undra ef verulegt bakslag kæmi í ferðaþjónustu á Íslandi ef áformin ganga eftir.

Þversagnir og ósamræmi í rökstuðningi með fjármálaáætlun

Icelandair Group bendir á að meginmarkmið hins opinbera þegar kemur að ferðaþjónustunni er samkvæmt fjármálaáætluninni að auka samkeppnishæfni greinarinnar. Það vekur furðu að hið opinbera ætli að fara þvert gegn yfirlýstu meginmarkmiði sínu í málaflökknum með skattahækkunum.

Í rökstuðningi í fjármálaáætlun segir að ferðaþjónustan sé „... orðin langstærsta útflutningsgrein þjóðarinnar og því fátt, ef nokkuð, sem réttlætir ívilnanir henni til handa.“ Þá segir beinlínis að með vísan til samkeppnissjónarmiða sé rétt að hækka skatta á ferðaþjónustuna.

Icelandair Group telur að hér sé um algjöra þversögn að ræða, þar sem boðaðar aðgerðir eru í fullu ósamræmi við yfirlýst markmið hins opinbera. Skattahækkningar á ferðaþjónustuna munu, eins og fyrr segir, augljóslega draga úr samkeppnishæfni greinarinnar. Icelandair Group telur að þetta ósamræmi sé til marks um að ákvörðunin sé illa undirbúin og að hið opinbera geri sér illa grein fyrir afleiðingum þess sem boðað hefur verið.

Mikilvægt að saman fari orð og athafnir

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar er fjallað sérstaklega um ferðaþjónustu:

„Vægi ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar endurspeglar í verkefnum stjórnvæðisráðs og langtímastefnumótun. Á næstu árum verður lögð áhersla á verkefni sem stuðla að samhæfðri stýringu ferðamála, áreiðanlegri gagnaöflun og rannsóknum, náttúruvernd, aukinni arðsemi greinarinnar, dreifingu ferðamanna um land allt og skynsamlegri gjalddöku, t.d. með bilastæðagjöldum.“

Í opinberri stefnu Sjálfstæðisflokksins, sem jafnframt er stærsti ríkisstjórnarflokkurinn og fer m.a. með forsætis- og ferðamálaráðuneyti, segir um gjalddöku í ferðaþjónustunni:

„Mikilvægt er að hið opinbera leggi ekki stein í götu ferðaþjónustunnar með aukinni skattlagningu, regluvæðingu eða nýjum ríkisstofnum.“

Þá segir jafnframt í stefnu Sjálfstæðisflokksins að sóknarfæri í ferðaþjónustu skuli nýtt til „aukinnar hagsældar og jákvæðrar byggðapróunar.“

Líkt og kemur fram í umsögnum Icelandair Hotels og Icelandair, dótturfélaga Icelandair Group, er fyrirséð að boðaðar skattahækkningar muni fyrst og fremst hafa neikvæð áhrif á landsbyggðina, draga úr dreifingu ferðamanna yfir árið og fækka vel borgandi ferðamönnum á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru færð rök fyrir því að neikvæð jaðaráhrif á innviði muni ekki minnka en skynsamleg nýting innviða þeirra aftur á móti dragast saman.

Það er ljóst að boðaðar skattahækkningar eru ekki í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Sjálfstæðisflokksinn hefur kúvent í afstöðu sinni til sértækra skatta á ferðaþjónustu þegar aðeins eru liðnir nokkrir mánuðir frá því að ríkisstjórnin tók við völdum. Icelandair Group telur það ekki boða gott fyrir trúverðugleika þeirra sem hlut eiga að máli og lýsir yfir áhyggjum um áframhaldandi samstarf ferðaþjónustunnar og hins opinbera.

Horfur í ferðaþjónustu hafa versnað

Icelandair Group bendir á að blikur eru á lofti fyrir íslenska ferðaþjónustu. Laun innan greinarinnar eru nær eingöngu í íslenskum krónum, en tekjur að stærstu leyti í erlendri mynt. Laun hafa á undanförunum árum hækkað verulega en á sama tíma hefur gengisþróun verið óhagstæð, þar sem raungengi íslensku krónunnar hefur hækkað um 37% frá árinu 2013.

Í ljósi ofangreinds má leiða líkur að því að ferðaþjónustufyrirtæki hafa lítið svigrúm til annars en að velta fyrirhuguðum skattahækkunum út í verðlag. Icelandair Group telur alrangt og mótmælir því sem kemur fram í rökstuðningi með fjármálaáætluninni að boðaðar skattahækkningar muni hafa óveruleg áhrif á verðlag.

Áhrif versnandi skilyrða á íslenska ferðaþjónustu hafa ekki enn komið að fullu fram, enda skila þau sér ekki jafnóðum út í verðlag, m.a. vegna langtímasamninga við birgja. Það eru þó komnar fram vísbendingar um samdrátt í eftirspurn og minnkandi áhuga ferðaheildsala á Íslandi í samanburði við önnur samkeppnislönd. Það er því ekki vitað hve mikil áhrif af þessari óhagstæðu þróun verða á ferðaþjónustuna þegar fram í sækir. Icelandair Group telur að fyrirhugaðar skattahækkningar séu settar fram á afleitum tíma fyrir ferðaþjónustuna.

Ferðaþjónustan hefur staðið við sitt en ríkið sofið á verðinum

Í rökstuðningi með fjármálaáætluninni er því haldið fram að nauðsynlegt sé að hækka skatta á ferðaþjónustuna til að tempra fjölgun ferðamanna vegna áhrifa á ýmsa innviði, svo sem á ferðamannastaði, heilbrigðis- og samgöngukerfi auk löggæslu.

Samkvæmt úttekt KPMG nam skattspor Icelandair Group samstæðunnar árið 2015 rúmum 24 milljörðum króna. Skattspor samstæðunnar nam í fyrra á bilinu 27-28 milljörðum króna sem nægir að óbreyttu til þess að standa undir allri löggæslu, réttargæslu, almannavörnum og dómstólum á Íslandi, allt árið um kring, auk helmings af því sem ríkið hyggst verja til rannsókna og stjórnsýslu í ferðaþjónustu sem og uppbyggingar á ferðamannastöðum árið 2018. Samanlagðir skattar og gjöld þeirra 2.900 fyrirtækja sem starfa í ferðaþjónustu á Íslandi er á næsta ári áætlað 80 milljarðar króna, að óbreyttu.

Það skýtur því skökku við að á meðan ferðaþjónustufyrirtæki hafa á undanförunum árum greitt tugi milljarða árlega til samneyslunnar, m.a. til uppbyggingar á innviðum, skuli það vera notað sem rök fyrir skattahækkunum að innviðir séu ekki í stakk búnir til þess að taka á móti áætluðum fjölda ferðamanna. Það skal nefnt til samanburðar að skattar og gjöld sem ferðaþjónustufyrirtæki greiða hinu opinbera á næsta ári verða að óbreyttu um 100 milljarðar króna. Á sama tíma munu heildarframlög hins opinbera til uppbyggingar á ferðamannastöðum nema 800 milljónum króna, eða minna en einum hundraðasta af framlagi ferðaþjónustunnar.

Það virðist því vera svo að þrátt fyrir mikið og vaxandi framlag ferðaþjónustunnar til ríkissjóðs á undanförunum árum hafi verið ákveðið með vilja og vitund hins opinbera að fjárfesta ekki í nauðsynlegum innviðum til þess að atvinnugreinin gæti vaxið og dafnað áfram á sjálfbæran

máta. Þess í stað skal skattkerfið notað til að draga úr vaxtamöguleikum ferðaþjónustunnar, vegna þess að hið opinbera hefur vanfjármagnað viðhald og uppbyggingu innviða og ekki brugðist við í tæka tíð, þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir og ábendingar ferðaþjónustunnar.

Hætt við að fjárfestingar nýtist ekki sem skyldi

Icelandair Group bendir á að fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa varið tugum milljarða á undanförunum árum til þess að byggja upp aðstöðu og mannvirki til gistingar, funda og afþreyingar víðsvegar um landið. Sömuleiðis hafa íslensk flugfélög gert samninga um kaup á fjölda nýrra flugvéla, sem fyrirhugað er að nota til verðmætasköpunar fyrir íslenskt hagkerfi í bráð og lengd.

Þá hafa íslensk ferðaþjónustufyrirtæki, í samvinnu við stjórnvöld, varið milljörðum króna til markaðssetningar á Íslandi sem áfangastað, einkum utan háannatíma og á landsbyggðinni. Fyrirhugaðar skattahækkningar eru líklegar til að hafa einmitt mest neikvæð áhrif á eftirspurn utan háannar og á landsbyggðinni. Icelandair Group lýsir furðu sinni á þeim þversagnakenndu skilaboðum sem í þessu felast.

Ef áform um boðaðar skattahækkningar ná fram að ganga er hætt við því að þessar fjárfestingar nýtist ekki sem skyldi og að framleiðni fjármagns í greininni muni dragast saman.

Ferðaþjónustan nýtur ekki ívilnana

Því hefur ranglega verið haldið fram að ferðaþjónustan hafi notið einhverskonar ívilnana eða undanþága frá greiðslu virðisaukaskatts. Hið rétta er að ferðaþjónustan hefur til margra ára greitt virðisaukaskatt sem hefur verið samanburðarhæfur við skattbyrði sömu atvinnugreinar í flestum öðrum samkeppnislöndum. Því er ekki um skattaívilnanir að ræða, heldur eðlilega skattlagningu miðað við það samkeppnisumhverfi sem ferðaþjónustan starfar í. Vísast hvað þetta varðar til fyrri umfjöllunar um virðisaukaskatt víða í Evrópu.

Icelandair Group vonast til þess að fallið verði frá áformum um skattahækkningar á ferðaþjónustuna og óskar eftir því að fá að koma að máli við fjárlaganefnd við meðferð málsins.

Virðingarfyllst,
F.h. Icelandair Group

Björgólfur Jóhannsson,
forstjóri